

Ed.

170. Frumvarp til laga

[100. mál]

um breyting á lögum nr. 88 24. des. 1953, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl.

Flm.: Guðmundur Í. Guðmundsson, Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Á eftir 1. málsgr. 2. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Bönkum er skylt að láta af hendi gjaldeyri fyrir vörum, sem innflutningur er frjáls á, innan tveggja vikna frá því, er þeim berst beiðni um hann. Hið sama á við um frjálsar gjaldeyrisgreiðslur fyrir öðru en vöruinnflutningi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar lög um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála voru til umræðu á þingiinu 1953, vakti Alþýðuflokkurinn athygli á því, að í þeim fælist engin breyting, sem máli skipti, á skipan innflutnings- og gjaldeyrismála. Innflutningurinn var eftir sem áður háður innflutningsleyfum, væri hann ekki gefinn frjáls með sérstakri reglugerð. Áður en lög in gengu í gildi, var það fjárhagsráð undir yfirstjórn ríkisstjórnarinnar, sem gaf út reglugerðirnar um, að innflutningur tiltekinnna vöru- tegunda skyldi vera frjáls, en eftir gildistöku laganna gaf ríkisstjórnin sjálf út þessar reglugerðir. Breytingin var því hér sú ein, að ríkisstjórnin faldi sig ekki lengur á bak við fjárhagsráð. Bæði fyrir og eftir gildistöku laganna var það á valdi bankanna, hvort og hvenær þeir létu af hendi gjaldeyri til kaupa á vörum, sem innflutningur var frjáls á.

Liggur í augum uppi, að í slíkri skipan felst ekki verzlunarfrelsi. Bönkunum er alveg í sjálfsvald seitt, hvort þeir láta í té gjaldeyri fyrir vörum, sem eru á svonefndum frilista, og vitað er, að þeir neita mjög oft um gjaldeyri fyrir slíkum innflutningi.

Í því skyni að gera frilistann að öðru og meiru en nafninu einu lagði Alþýðuflokkurinn til á seinasta þingi, að tekin væru upp í lög um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála ákvæði, sem skylduðu bankana til að selja hverjum þeim, sem flytja vildi inn frilistavörur, nauðsynlegan gjaldeyri. Með samþykkt slíkrar tillögu hefði fyrst verið um raunverulega frjálsan innflutning að ræða á frilistavörum. Þessi tillaga fann ekki náð fyrir augum stjórnarflokkanna og var felld.

Nú er komin fram tillaga til þingsályktunar frá þingmönnum úr öðrum stjórnarflokkanna um, að veittur verði frjáls innflutningur á bifreiðum, og frá þingmanni úr hinum stjórnarflokknum viðbótartillaga um, að jafnframt verði tryggt, að bankarnir selji á hverjum tíma öllum, er þess óska, erlendan gjaldeyri til kaupa á bifreiðum. Þessar tillögur, og einkum þó viðbótartillagan, verða traúðla skildar á þann veg, að formælendur þeirra telji, að bifreiðar eigi að hafa einhvern forgang um gjaldeyri umfram aðrar vörur, sem innflutningur er kallaður frjáls á. Slíkt væri fráleitt. Sönnu nær virðist að líta svo á sem nú sé að vakna skilningur á því í herbúðum ríkisstjórnarinnar, að takmarkað gagn sé að því að heimila frjálsan innflutning vöru á pappírnum, nema jafnframt sé tryggður erlendir gjaldeyri til greiðslu á andvirði hennar. Þessum aukna skilningi á málinu ber að fagna, og í von um, að hann sé nægilega almennur hjá stuðningsflokkum ríkisstjórnarinnar á Alþingi, er þess nú freistað að bera fram á ný tillöguna um að skylda bankana til að láta af hendi gjaldeyri til kaupa á frilistavörum til allra, er óska að flytja slíkan varning inn.